



Til bæjarráðs

Kópavogi, 20. maí 2025
25041007/502.01 ÁAK

Efni: Breyttir úthlutunarskilmálar vegna Urðarhvarfs 12

Af hálfu yfirlögfræðings eru lagðir fram að nýju til samþykkar bæjarráðs úthlutunarskilmálar vegna atvinnuhúsalóðarinnar Urðarhvarfs 12.

Bæjarráð samþykkti skilmála á fundi sínum þann 10. apríl sl. en undirrituð hefur breytt þeim lítillega í ljósi þeirra reynslu sem komin er á úthlutun lóða með þeim hætti að óska tilboða í lóð. Helsta breyting felst í að tekin eru af öll tvímæli um að heimilt er að óska eftir viðbótargögnum og skýringum frá tilboðsgjöfum. Fallið er frá þeirri kröfu að yfirlýsing um fjármögnun frá banka þurfi að vera fyrirvaralaus. Þá er krafa um reynslu af sambærilegum framkvæmdum umorðuð og því bætt við að hafi tilboðsgjafi ekki þessa reynslu verði viðkomandi að sýna fram á að vera í samstarfi við byggingaraðila sem uppfylli skilyrðið.

Gert er ráð fyrir að auglýsa lóðina þegar samþykki bæjarráðs fyrir breyttum úthlutunarskilmálum liggur fyrir.

Virðingarfyllst,

Ása A Kristjánsdóttir
Yfirlögfræðingur

